

24. OKTÓBER
2024

HARPA
ELDBORG



Yo-Yo Ma leikur Elgar



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum standur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

The Fact of the Matter: 15'

Konsert: 30'

Petrúshka: 35'



Tónleikar Yo-Yo Ma eru hluti af
afmælis dagskrá hljómsveitarinnar.

Tónleikunum er útvarpað beint á Rás 1.

Forsíðumynd: Jason Bell



TVG-ZIMSEN



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og
viðskiptaráðuneytið

Yo-Yo Ma leikur Elgar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 24. OKTÓBER KL. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Eva Ollikainen
hljómsveitarstjóri

Yo-Yo Ma
einleikari

Söngflokkurinn Hljómeyki

Stefan Sand
kórstjóri

Hildur Guðnadóttir

The Fact of the Matter (2022)
I What is the Matter
II Matter of Fact
III Matter of Attention
IV The Fact of the Matter

Edward Elgar

Sellókonsert í e-moll, op. 85 (1919)
Adagio - Moderato
Lento - Allegro molto
Adagio
Allegro - Moderato - Allegro, ma non troppo -
Poco più lento - Adagio

Hlé

Ígor Stravinskíj

Petrúshka, ballettsvíta (1911/1947)
I Á markaðstorginu
II Í herbergi Petrúshku
III Í herbergi Márans
IV Á markaðstorginu undir kvöld

For information in English
about tonight's programme,
please visit the Iceland
Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Eva Ollikainen

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Finnski hljómveitarstjórinn Eva Ollikainen hefur verið aðalstjórnandi Sinfóníuhljómveitar Íslands frá árinu 2020 og er fyrsta konan sem gegnir þeirri stöðu. Hún stundaði tónlistarnám við Sibeliusar-akademíuna í Helsinki og hreppti fyrstu verðlaun í Panula-keppninni fyrir unga hljómveitarstjóra árið 2003. Hún kom fyrst til Íslands tveimur árum síðar þegar hún stjórnaði framhaldsskólatónleikum Sí með nær engum fyrirvara og hún stjórnaði síðan þrennum áskriftartónleikum sveitarinnar á árunum 2007–2010. Í febrúar 2019 snéri hún aftur og stjórnaði í fyrsta sinn í Hörpu og skömmu síðar tók hún boði hljómveitarinnar um að gerast aðalstjórnandi hennar. Fyrsta plata Sí undir stjórn Evu kom út í fyrra hjá Sono Luminus. Hún geymir verkin ARCHORA og AIÖN eftir Önnu Þorvaldsdóttur og hefur hlotið góðar viðtökur, meðal annars nefndi *The New York Times* hana eina af bestu sígildu plötum liðins árs.

Eva Ollikainen hefur stjórnað virtum hljómveitum víða um heim, meðal annars Útvarpshljómveitunum í Noregi, Finnlandi og Svíþjóð, Fílharmóníusveitunum í Helsinki og Stokkhólmi, Sinfóníuhljómveitinni í Vínarborg, Staatskapelle Dresden, Sinfóníuhljómveit Breska útvarpsins (BBC), Fílharmóníusveitinni í Los Angeles og Sinfóníuhljómveitinni í Tokyo. Þá hefur hún stjórnað óperuflutningi í Semperoper í Dresden og við óperuhúsin í Kaupmannahöfn, Gautaborg, Stokkhólmi og Helsinki.

Eva er tíður gestakennari við Sibeliusar-akademíuna og hún hafði frumkvæði að stofnun Hljómveitarstjóra-akademíu Sinfóníuhljómveitar Íslands þar sem ungir og efnilegir tónlistarnemar fá tækifæri til þess að stjórna hljómveitinni.



Ljósmyndari: Jason Bell

Yo-Yo Ma

EINLEIKARI

Fjölbreyttur ferill Yo-Yo Ma ber vitni um þá trú hans að menning sé þess megnug að laða fram traust og skilning milli fólks. Hann leitast við að efla tengsl manna á milli sem örva ímyndunaraflíð og styrkja mennskuna í okkur hverju og einu. Þá gildir einu hvort hann er að leika ný eða gamalkunnug verk fyrir selló, efla fólk í að kanna hlutverk menningar í samfélaginu eða tekur þátt í að skapa og flytja óvenjulega tónlist. Nýlega hleypti Yo-Yo af stökkunum verkefninu Our Common Nature þar sem hann ferðast með sellóíð sitt til ólíkra staða og hyllir þann mátt sem náttúran hefur til að sameina okkur í leit að sameiginlegri framtíð. Our Common Nature kemur í framhaldi af Bach-verkefninu, þar sem Yo-Yo ferðaðist um sex heimsálfur með sellósvítur J. S. Bach í farteskinu og hélt tónleika á 36 stöðum með þátttöku heimafólks. Bæði verkefnin endurspeglar ódrepani eldmóð hans við að þenja mörk tónlistartegunda og hefða til að skilja hvernig tónlist getur hjálpað okkur að byggja upp sterkari samfélög.

Yo-Yo Ma fæddist árið 1955 í París, af kínversku foreldri. Þar hóf hann fjögurra ára gamall að læra sellóleik undir handleiðslu föður síns. Þegar hann var sjö ára fluttist fjölskyldan til New York þar sem Yo-Yo hélt sellónámi sínu áfram, m.a. við Juilliard-skólann, auk þess að stunda háskólanám við Harvard. Yo-Yo hefur hljóðritað meira en 120 plötur, hlotið 19 Grammy verðlaun og leikið fyrir níu Bandaríkjaforseta, síðast við embættistöku Joe Biden. Hann hefur hlotið fjölmörg verðlaun, þar á meðal Þjóðlistaverðlaun Bandaríkjanna, Frelsismerki Bandaríkjaforseta og Birgit Nilsson verðlaunin. Yo-Yo hefur verið friðarsendiboði Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2006 og tímaritið TIME útnefndi hann einn af 100 áhrifamestu einstaklingum heims árið 2020.

Söngflokkurinn Hljómeyki

Söngflokkurinn Hljómeyki var stofnaður árið 1974 og fagnar því hálfri aldar afmæli á þessu ári. Hann hefur frá upphafi verið í fremstu röð íslenskra kóra og tekist á við afar fjölbreytt verkefni, allt frá kórmúsík endurreisnarinnar til samtímatónlistar. Hljómeyki kemur iðulega fram á tónlistarhátíðum og hefur m.a. tekið þátt í Myrkum músíkdögum, Reykholtshátíð, Þjóðlagahátíð á Siglufirði og Sumartónleikum í Skálholti en kórin átti í samstarfi við síðastnefndu hátíðina í um það bil þrjá áratugi og frumflutti á þeim tíma tugi verka eftir mörg helstu tónskáld landsins. Þá hefur Hljómeyki verið frumkvöðull í flutningi stórra rússneskra verka héraendis svo sem *Náttlöngva* Rakhmanínovs, *Kórkonserts* Schnittkes og *Púshkínsveigs* eftir Georgíj Svírídov.

Hljómeyki hefur oft sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, til dæmis í konsertuppfærslum á óperunum *La Clemenza di Tito* eftir Mozart, *Carmen* eftir Bizet og *Porgy og Bess* eftir Gershwin, en einnig í *Messíasi* eftir Händel og *Hringadróttinssinfóníu* Howards Shore svo eitthvað sé nefnt.

STEFAN SAND

KÓRSTJÓRI

Stefan Sand fæddist í Kaupmannahöfn og útskrifaðist árið 2017 frá Konunglega danska tónlistarháskólanum en fluttist síðan hingað til lands og lauk tvöföldu meistaraþrófi frá Listaháskóla Íslands. Hann hefur stundað nám í hljómsveitarstjórn hjá Frederik Støvring Olsen og Gunnsteini Ólafssyni og í kórstjórn hjá Magnúsi Ragnarssyni. Stefan starfar sjálfstætt sem tónskáld og kórstjóri og hefur skrifað verk fyrir ýmsa kóra og einsöngvara. Hann stjórnar nú þremur kórum í Reykjavík: Hljómeyki, Mótettukórnum og Vox Feminae. Stefan var tilnefndur til Grímuverðlauna sem Sproti ársins 2024.



Hildur Guðnadóttir

THE FACT OF THE MATTER

Tónskáldið Hildur Guðnadóttir (f. 1982) hóf ung að leika á selló og nam við Tónlistarskólann í Reykjavík áður en hún innritaðist í Listaháskóla Íslands þar sem hún lagði stund á tónsmíðar og nýmiðlun. Hún fór til framhaldsnáms við Universitát der Künste í Berlín þar sem hún hefur búið og starfað síðan. Hildur sendi frá sér sína fyrstu sólóplötu *Mount A* árið 2006 og hefur bætt við öðrum þremur, en þekktust er hún fyrir tónlist sem hún hefur samið fyrir sjónvarpsþætti, kvikmyndir og tölvuleiki. Tónlist hennar við sjónvarpsseríuna *Chernobyl* hlaut bæði Emmy og Grammy verðlaun árið 2020 og sama ár sópaði Hildur að sér verðlaunum fyrir tónlist við kvikmyndina *Joker*, þar á meðal Óskarsverðlaunum.

Verkið *The Fact of the Matter* var pantað af Breska ríkisútvarpinu (BBC) til flutnings á PROMS tónlistarhátíðinni sumarið 2022. Í viðtali við Tom Sutcliffe í útvarpsþættinum *Front Row* lýsti Hildur kveikjunnni að verkinu og sagðist hafa verið hugsí og áhyggjufull yfir þjóðfélagsumræðu undangenginna ára. Henni fyndist erfitt að skilja hvers vegna við værum svo sundruð þegar tímarnir kölluðu einmitt á samstöðu, hvernig það gæti verið himinn og haf milli hugmynda fólks um hvað það sé sem skipti raunverulega máli þegar kemur að velferð mannkyns, umhverfismálum og framtíð plánetunnar okkar. Í verkinu, sem skrifað er fyrir hljómsveit og kór, takast á tvær ólíkar hliðar; þær eiginlega kútveltast um og hvor um sig reynir að ná yfirhöndinni. Í textanum ber annars vegar mest á spurnarorðum (who? why? what? when? where? how?) og hins vegar eignarfornöfnum (mine, yours, ours, his, her, theirs) en þau endurspegla umræðu sem svo oft tvístrar þegar hún þyrfti að sameina.



Edward Elgar

SELLÓKONSERT Í E-MOLL, OP. 85

Sellókonsertinn, síðasta stóra verkið sem Edward Elgar (1857–1934) samdi, varð til árið 1919 í kjölfar hildarleiks heimsstyrjaldarinnar fyrri. Yfirbragð verksins er enda tregafullt, hlaðið eftirsjá. Elgar hafði notið mikillar hylli á löngum ferli sínum en þegar þarna var komið sögu áttu tónsmíðar hans ekki lengur upp á pallborðið hjá tónleikagestum. Þær þóttu gamaldags og ekki bætti úr skák að frumflutningur sellókonsertsins gekk illa vegna ónógs undirbúnings hljómsveitarinnar. Það var því býsna hljótt um verkið næstu áratugina, allt þar til rómuð túlkun enska sellósniðingsins Jacqueline du Pré lyfti því í sviðsljósið. Du Pré hljóðritaði konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Lundúna undir stjórn Johns Barbirolli árið 1965. Platan naut fágætra vinsælda og í kjölfarið varð verkið fastur liður á efnisskrám sinfóníuhljómsveita og meðal eftirlætis viðfangsefna sellóleikara.

Konsertinn hefst á þykkum hljómmum frá sellóinu – og minnir eilítið á einleikssvítur Bachs – en smám saman rís fyrri stef fyrsta þáttar í samspili einleikara og hljómsveitar og myndar hápunkt. Síðan er annað stef kynnt; það hefst í e-moll eins og hið fyrri en springur svo út í dúr með íburðarmeira hljómsveitarspili. Þessi fyrsti þáttur myndar einskonar samhverfu því dúrinn hverfist aftur í moll og að lokum snýr upphafsstefið aftur. Annan þátt leiðir beint af þeim fyrsta með því að einleikarinn plokkar upphafshljómana og kynnir svo nýja tónhugmynd sem eftir nokkur hikandi skref verður að fjórlegu scherzo. Síðan tekur við hinn undurfagri hægi þáttur, dreymandi sellósöngur þar sem hljómsveitin dregur sig að nokkru leyti í hlé og einungis strengir, klarinett, fagott og horn sjá um meðleikinn. Lokapátturinn hefst á hressilegu stafi í hljómsveitinni, nokkurs konar marsi, sem sellóið tekur við og kannar á sínu vísu en rifjar einnig upp stefjaefni úr fyrri þáttum. Þannig er framgangur marsins ítrekað rofinn af eins konar minningum, eða eftirsjá, þar til að lokum einleikari og hljómsveit marsera saman til enda.



Ígor Stravinskíj

PETRÚSHKA

Petrúshka er eitt þeirra tónverka sem spruttu upp úr samstarfi Ígors Stravinskíj (1882–1971) og Sergejs Djaghílevs forsprakka Rússneska ballettsins (Ballets russes) í París. Það samstarf hófst með *Eldfuglinum*, balletti sem frumsýndur var sumarið 1910 og gerði tónskáldið frægt svo að segja á einni nóttu. Um haustið fór Stravinskíj að vinna að hljómsveitarverki út frá hugmynd um leikbrúðu sem lifnar skyndilega við og gerir hljómsveitinni lífið leitt með alls kyns gauragangi, ekki síst á hljómborði píanósins. Hljómsveitin svarar í sömu mynt, meðal annars með ógnandi lúðrablæstri. Úr verður ærandi hávaði en allt endar svo með því að aumingja brúðan lyppast niður með ámátlegum hætti. Einhvern veginn svona lýsti tónskáldið tildrögum verksins og sagði svo frá því að þegar hann spilaði drögin fyrir Djaghílev hefði sá síðarnefndi orðið fjöðrum fenginn og endilega viljað að Stravinskíj gerði úr þessu ballett í fullri lengd. Það varð úr og í endanlegri gerð voru leikbrúðurnar orðnar þrjár: hinn lánlausi Petrúshka, Ballerínan sem hann leggur ást á og Márinn sem keppir við hann um hylli hennar. Þetta brúðutrío á sér fyrirmyndir í langri sögu evrópsks brúðuleikhúss og í Commedia dell'arte leikhúshefðinni þekkjum við þau sem Pedrolino/ Pierrot, Columbine og Harlequin.

Stravinskíj fann sér líka fyrirmyndir að sjálfu tónefninu í alþýðumenningu því í *Petrúshku* úir og grúir af þjóðlagastefjum og dægurflugum sem hann tekur traustataki, snýr út úr og vefur uppá. Þessi sundurleitu aðföng ríma fullkomlega við sögu svið ballettsins sem gerist á markaðstorgi – nánar tiltekið á kjötkveðjuhátíð í Pétursborg árið 1830 – þar sem öllu ægir saman, fólk og fénaður kemur úr ýmsum áttum og slettir úr klaufunum. Í upphafi verksins heyrum við ys og þys markaðarins þar sem tilboðsköll götusala hljóma í flautu og sellóum áður en drukkniir kumpánar birtast og hverfa dansandi. Svo breyta klarínnettinn sér í lírukassa, dansmær slær í þríhorn og byrjar dans. Þegar fjörið nær hámarki þaggar sneriltromma skyndilega niður í ærslunum og athyglin beinist að

töframanni sem stígur fram fyrir brúðuleikhús sitt undir raunalegum dúett fagotts og kontrafagotts. Tjaldið er dregið frá og brúðurnar þrjár birtast. Töframaðurinn snertir þær með flautu sinni og öllum til undrunar lifna þær við og byrja að dansa rússneskan dans, Ballerínan á táskóm, Márinn glæsilegur í austrænum búningi en aumingja Petrúshka er stirðbusalegur dansari. Dansinum lýkur jafn snögglega og hann byrjaði og sneriltromman markar skil milli þátta en þeir eru leiknir viðstöðulaust án hlés.

Í öðrum þætti erum við stödd í herbergi Petrúshku þar sem hann nærir sorgir sínar, reiði út í töframanninn og afbrýðisemi í garð Márans. Skyndilega birtist Ballerínan en taumlaus fagnaðarlæti Petrúshku fæla hana aftur burt og hann sekkur í þunglyndi sitt uns þættinum lýkur með lúðrablæstri. Þriðji þáttur gerist í herbergi Márans þar sem hann liggur á díván, túlkaður af klarínettum og bassaklarínetti. Eftir nokkra stund kynna glæsilegur sólótrumpet og sneriltromma komu ballerínunnar. Þau Márinn dansa tvídans sem er gott dæmi um hvernig Stravinskíj stefnir saman efniviði úr ólíkum áttum og snýr uppá hann. Dansinn er á yfirborðinu eins konar vínarvals en undir hljómar skuggalegt stef Márans og flautan gefur til kynna tipl Ballerínunnar á táskónum. Allt í einu birtist Petrúshka og truflar dansinn, æfur af afbrýði. Það slær í brýnu milli eljaranna en Petrúshka fer halloka og og þættinum lýkur með því að hann flýr af hólmi.

Lokapátturinn gerist úti á torginu eins og sá fyrsti en nú húmar að kveldi. Við heyrum kunnugleg stef úr fyrsta þætti en síðan tekur við röð dansnúmera: fyrst dansa fóstrur, þá birtist bóndi með dansandi björn, svo kaupmaður í fylgd tveggja sígaunastúlkna áður en kemur að kúskum og hestasveinum. Loks geysist fram fólk í grímubúningum og byrjar ærslafullan dans sem allir viðstaddir taka þátt í. Þegar hæst hóar breytist stemningin skyndilega við það að Petrúshka kemur þjótandi út úr litla brúðuleikhúsinu með Márann æfan á hælum sér. Áður en Ballerínunni tekst að stöðva hann bregður Márinn sverði sínu og fellir Petrúshku – við heyrum simbal hljóma ofurlágt og Petrúshka gefur upp öndina. Fólkið er slegið óhug en töframaðurinn grípur brúðuna og hristir til að sýna að hún sé ekkert annað en dúkka. Þegar mannfjöldinn er á burt ætlar töframaðurinn með brúðuna inn í leikhúsið en allt í einu hljómar bölvun Petrúshku í trompetum og afturganga hans birtist á rökkurhimninum fyrir ofan leikhúsið með grettum og geiflum. Skelkaður töframaðurinn sleppir brúðunni og leggur á flóttu. Tjaldið fellur.

Svanhildur Óskarsdóttir

Hljómeyki

Sópran

Aðalheiður Ólafsdóttir
Drífa Örvarsdóttir
Freyja Jónsdóttir
Hildigunnur Rúnarsdóttir
Jónína Guðrún Kristinsdóttir
Olga Lilja Bjarnadóttir
Valborg Steingrímsdóttir

Alt

Bryndís Bergþórsdóttir
Eygló Höskuldsdóttir Viborg
Eygló Rúnarsdóttir
Guðrún Edda Gunnarsdóttir
Klara Sigurðardóttir
Kristína Jóhannsdóttir

Tenór

Ari Hálfván Aðalgeirsson
Finnur Jónsbúr
Guðmundur Alfreðsson
Sveinbjörn Ólafsson
Þorbjörn Rúnarsson

Bassi

Björn Bjarnsteinnsson
Eðvarð Egilsson
Egill Gunnarsson
Gunnar Guðnason
Úlfur Sveinbjarnarson

Á döfinni

31.10

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30



Barokkveisla

Tónlistarfjársjóður barokktímans geymir fjölmarga dýrgripi en nokkur af sígrænum öndvegisverkum Vivaldis, Händels, Bachs og Corellis munu hljóma í þessari barokkveislu fluttri af strengjaleikurum Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sópransöngkonan María Konráðsdóttir sem hlotið hefur mikið lof fyrir bjarta, tæra og forkunnarfagra rödd samhliða fágæðri en tjáningarríkri túlkun syngur litríkar og leikandi aríur úr óperum Händels. Á tónleikunum verða einnig flutt verk eftir Rameau auk miðaldaverksins O Frondens Virga eftir Hildegard von Bingen, en von Bingen stofnaði sitt eigið Benediktínaklaustur um 1150 þar sem hún samdi fjölda verka sem heillað hafa lærdæ og leika á seinni öldum.

Það er breski fiðluleikarinn og hljómsveitarstjórinn Peter Hanson sem leiðir hljómsveitina á þessum tónleikum. Hanson hefur um langt árabíl helgað sig upprunaflutningi barokktónlistar og kemur víða fram með þekktum hljómsveitum, ýmist sem einleikari, konsertmeistari eða hljómsveitarstjóri – jafnvel allt þrennt í senn.

01.11

FÖSTUDAGUR
Kl. 18:00



Ottensamer stjórnar blásarasveitinni

Á þessum föstudagstónleikum láta blásarar Sinfóníuhljómsveitar Íslands ljós sitt skína í þremur ólíkum og hrífandi verkum fyrir blásarasveit. Tvö þeirra eru eftir Richard Strauss: Serenaða op. 7, sem Strauss samdi aðeins 17 ára, og Sonatina nr. 1 sem var samin meira en sex áratugum síðar. Þá var Richard Strauss var á áttræðisaldri og að jafna sig á alvarlegum veikindum en undirtitillinn „Af verkstæði vesalingsins“ vísar einmitt til þeirra aðstæðna. Verkið er uppfyllt af þökkafullri gamansemi, angurværð og andagift.

Oktett Ígors Stravinskíjs fyrir blásara markar upphaf þess sem kallað hefur verið nýklassíska tímabil tónskáldsins, en þessi tónlistarlegi byltingarmaður tók óvænta beygju á ferli sínum og fór að finna frumlegum hugmyndum sínum farveg í fágæðum formum klassíska tímans. Það er ekki síst heillandi togstreita hins gamla og nýja sem ljær þessu stórskemmtilega verki töfra sína.

Stjórnandi á tónleikunum er Andreas Ottensamer, leiðandi klarinettuleikari Filharmóníusveitar Berlínar til margra ára, sem á síðustu árum hefur einnig getið sér gott orð sem hljómsveitarstjóri.

14.11

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

Mozart og Beethoven með Sunwook Kim

Á þessum tónleikum hljómar einn dáðasti Píanókonsert Mozarts, númer 21 í C-dúr, sem býr yfir einstakri heiðríkju en í píanókonsertum sínum náði Mozart áður óþekktum hæðum í andagift, frumleika og hugmyndaauðgi. Það er suður-kóreski píanóleikarinn Sunwook Kim sem leikur á píanóið en hann stjórnar auk þess hljómveitinni sjálfur frá flyglinum, rétt eins og Mozart gerði þegar hann frumflutti verkið í Vínarborg 1785. Sunwook Kim hefur fyrir löngu skipað sér sess sem einn af fremstu píanóleikurum sinnar kynslóðar, en hann kom í fyrsta sinn fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í mars 2023 og hreif þá tónleikagesti í Eldborg með sér í öðrum píanókonserti Brahms undir stjórn Bertrands de Billy.

Fjórða sinfónía Beethovens er geysisnjallt og hrífandi skemmtilegt verk sem hefur í gegnum tíðina staðið í skugga hinna átakameiri sinfónía sem standa hvor sínum megin við hana í röðinni – Hetjuhljómkviðunni og Örlagasinfóníunni. Tónleikarnir hefjast á eina verki Fanny Mendelssohn sem varðveitt er fyrir fullskipaða sinfóníuhljómsveit, hinum bjarta og glaðlega konsertforleik í C-dúr.

21.11

FIMMTUDAGUR
Kl. 19:30

Beethoven og Shostakovitsj

Pólsk-kanadíski píanóleikarinn Jan Lisiecki hefur verið í fremstu röð píanóleikara heimsins um árabíl og er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur, en á síðustu árum hefur hann leikið píanókonserta Schumanns (2018) og Chopins (2022) með Sinfóníuhljómsveit Íslands við mikinn fögnuð áheyrenda og gagnrýnenda. Hér leikur hann fjórða píanókonsert Beethovens, stórbrotið verk sem geymir jafnt óviðjafnanlega virtúósísk píanóskrif og djarflegar formrænar nýjungar.

Sinfónía nr. 8 eftir Shostakovitsj var frumflutt í Moskvu 1943, í miðri heimsstyrjöld. Hún er stór í sniðum og tilfinningalega áhrifamikil, en tónskáldið lýsti henni sem eins konar þjáningaróði, tilraun til þess að spegla hinn ógurlega sársauka sem stríðið hafði í för með sér.

Hljómsveitarstjórinn Andris Poga heldur um sprotann en hann stjórnar nú Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn.

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiöla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Hulda Jónsdóttir
Zbigniew Dubik
Una Sveinbjarnardóttir
Laura Liu
Lin Wei
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Geirprúður Ása Guðjónsdóttir
Skelton
Andrzej Kleina
Emma Garðarsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Bryndís Pálsdóttir

2. fiöla

Gunnhildur Daðadóttir
Hekla Finnsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Sólrun Ylfa Ingimarsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Sólveig Steinþórsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Joanna Bauer
Justyna Bidler
Greta Guðnadóttir

Víóla

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Þórhildur Magnúsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Fidel Atli Quintero Gasparsson
Herdís Anna Jónsdóttir
Steina Kristín Ingólfssdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Kathryn Harrison

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Hrafnhildur Marta
Guðmundsdóttir
Urh Mrak
Bryndís Björgvinsdóttir
Guðný Jónasdóttir
Hrafnkell Orri Egilsson

Bassi

Xun Yang
T.C. Fitzgerald
Todd Gowers
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson
Richard Korn

Flauta

Iker Sáez-Liévana
Áshildur Haraldsdóttir
Caterina Compagno

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Andreas Sundén
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson
Birkir Örn Hafsteinsson

Fagott

Clara Manaud
Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Paul Pitzek
Emil Friðfinnsson
Joseph Ognibene
Charlotte Rehm

Trompet

Robby Garrison
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Jón Arnar Einarsson
Sigurður Þorbergsson

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Vivian Kung

Harpa

Katie Buckley

Píanó

Liam Kaplan

Selesta

Guðrún Dalía Salómonsdóttir

Pákur

Soraya Nayyar


Slagverk

Marco Santos
Frank Aarnink
Eggert Pálsson

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfðánardóttir
mannauðsstjóri

Tryggvi M. Baldvinsson
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastjóri dagskráargerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvit Hrólfssdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tæknimála
Björk Björgúlfssdóttir
sviðs- og tæknimaður



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Yo-Yo Ma og Kathryn Stott

ELDBORG | LAU. 26. OKTÓBER | KL. 20:00

Yo-Yo Ma er einn þekktasti sellóleikari samtímans og hefur á löngum og glæsilegum ferli hrifið áheyrendur um allan heim með heillandi túlkun sinni og óaðfínanlegri tækni. Á þessum sérstöku dúótónleikum leikur hann ásamt Kathryn Stott, píanóleikara, litríka og hrfandi efnisskrá fyrir selló og píanó. Yo-Yo Ma og Kathryn Stott hafa átt farsælt samstarf um árabíl, leikið saman á fjölda tónleika og sent frá sér verðlaunaðar hljóðritanir.

ÖRFÁ SÆTI LAUS
MIÐASALA Í HÖRPU OG Á SINFONIA.IS